

## **Minnisblað**

Dags. 09.03.2023

Frá: Gauta Jóhannessyni, starfsmanni heimastjórnar á Djúpavogi

Til: Heimastjórnar á Djúpavogi

### **Efni: Staða ýmissa skipulagsmála á Djúpavogi**

**Körin við Djúpavog:** Deiliskipulag. Verkið er í bið. Beðið er eftir niðurstöðu frá HEF varðandi það hvort hægt verður að nýta heita vatnið á svæðinu.

**Þúfuhraun. Nýtt laxasláturhús:** Aðalskipulagsbreyting. Verkið er í undirbúningi og er unnið m.a. með siglingasviði Vegagerðarinnar. Beðið er niðurstöðu umhvort umhverfismat er nauðsynlegt.

**Hestaíþóttasvæði:** Aðalskipulagsbreyting. Gert verður ráð fyrir því í nýju aðalskipulagi Múlapings. Endanleg staðsetning verður ákveðin í kjölfar undirbúningsvinnu.

**Útrás, hreinsistöð, íbúðabyggð o.fl:** Aðalskipulagsbreyting. Tillaga liggur fyrir. Óskað eftir heimild til að auglýsa frá Skipulagsstofnun strax eftir sveitarstjórnarfund 15. mars nk.

**Verndarsvæði í byggð:** Er í vinnslu. Íbúafundur var haldinn 21. febrúar. Skipulagsfulltrúi vinnur að samantekt um málið.

**Hammersminni, íbúðasvæði:** Verður unnið þegar aðalskipulagsbreyting hefur tekið gildi. Væntanlega í haust. Taka þarf afstöðu til hversu stórt svæði á að skipuleggja, hvernig götur verða og hvaða tegund íbúðalóða.

**Djúpavogshöfn:** Unnið er að skipulagsbreytingum í og við Djúpavogshöfn og í Gleðivík í samstarfi við siglingasvið Vegagerðarinnar og hagaðila. Tillögur verða kynntar þegar þær liggja fyrir.